



Reglur um úthlutun viðleguplássa í Fjallabyggðarhöfn og umgengi

1.gr. – Viðlegupláss í Fjallabyggðarhöfn

Reglur þessar eiga við úthlutun viðleguplássa smærri báta í Fjallabyggðarhöfn og skiptist hafnarsvæðið í 3 svæði:

- a) Innri höfn, Leirutanga, Siglufirði
- b) Smábátahöfn, “Dokkin”, Siglufirði
- c) Flotbryggjur Ólafsfirði

Hámarkslengd báta sem geta fengið legupláss á flotbryggjum er 15 metrar.

2.gr. – Umsókn um viðlegupláss

Allir þeir aðilar (eigendur báta/útgerð) sem óska eftir við viðleguplássi fyrir báta sína skulu skila inn útfylltu umsóknareyðublaði þess efnis á skrifstofu hafnarvarða á Siglufirði og leggja fram ósk á viðleguplássi í samráði við hafnarverði. Umsóknareyðublað má fá á skrifstofu hafnarvarða.


3.gr. - Forgangsröðun í viðlegupláss

Úthlutun í viðlegupláss við flotbryggjur byggir á eftirfarandi forgangsröðun:

1. Bátar sem skráðir eru á Siglufirði og Ólafsfirði hafa forgang að öllum viðleguplássum í höfninni, bæði til lengri og skemmri tíma.
2. Bátar sem greiða aflagjöld hafa forgang yfir aðra báta (skemmtibáta og þess háttar)
3. Bátar sem þegar hafa haft viðlegupláss á tilteknu hafnarsvæði hafa forgang á því svæði.
4. Bátar sem leigja fast viðlegupláss í heilt ár eru í forgangi og bátar sem leigja viðlegupláss í 3 mánuði koma þar á eftir.
5. Björgunarbáturinn Sigurvin er undanskilin þessari forgangsröðun og skal tryggja bátnum viðlegupláss við flotbryggju í innri höfn.

4.gr. – Úthlutun viðlegupláss

Sé umsókn um viðlegupláss samþykkt af hafnarvörður er gefið út leyfi fyrir plássi sem er númerað eða auðkennt með öðrum hætti á eitthvað af þeim þremur svæðum sem að ofan greinir. Hafnarverðir halda utan um útgefin leyfi og pláss.



Viðleguplássi er úthlutað á eigendur/útgerð en þó þannig að skrá verður tiltekinn bát í viðleguplássið.

5.gr. – Framsal réttinda og viðleguplássa

Framsal viðleguplássa er með öllu óheimilt nema Fjallabyggðarhöfn.

Leiguhafi sem greiðir fyrir viðlegupláss til lengri tíma (3 mánuðir eða ár í senn) og hyggst ekki nýta sitt viðlegupláss í tiltekinn tíma skal tilkynna það til hafnarvarða og er þá Fjallabyggðarhöfn heimilt að leigja viðkomandi pláss til annarra aðila tímabundið og með lokadagsetningu.

6.gr. - Umgengni og aðgengi

Leiguhöfum viðleguplássa er skylt að ganga snyrtilega um hafnarsvæðið og skila rusli í þar til gerðar tunnur eða gáma sem eru á svæðinu.

Rafmagnskaplar og slöngur hvers konar skulu vera í samræmi við fjarlægð báts frá tengjum á bryggjunni og eiga ekki að liggja í hönk sem getur skapað hættu fyrir gangandi umferð.

Veiðarfæri og annað dót sem fylgir útgerð báta má ekki geyma á bryggjunni og verður allt slíkt fjarlægt og komið í geymslu á kostnað á eigenda. Þetta á við um öll veiðarfæri, snæri og tóg, brúsa eða tunnur og annað það sem fylgir slíkri útgerð. Smádót sem fylgir minniháttar viðhaldi eða viðgerðum í stuttan tíma eru undanþegin í allt að tvo sólarhringa.

Brot á reglum um umgengni getur orðið til þess að viðkomandi missir leguplássið og þarf að greiða sekt í samræmi við gjaldskrá fyrir Hafnarsjóð Fjallabyggðar.

Leiguhafar sem leigja legupláss á læstri bryggju fá afhentan lykil af svæðinu sem óheimilt er að afhenda öðrum aðilum.

7.gr. – Staðfesting og gildistími

Reglur þessar voru samþykktar í framkvæmda,-hafna – og veitunefnd Fjallabyggðar á fundi nefndarinnar þann 7.maí 2026 og staðfestar í bæjarstjórn á fundi þann 21.maí og taka þegar gildi.